

**Sp.**

## **42. Tillaga til þingsályktunar**

varðandi íbúð handa rektor menntaskólans í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að útvega rektor menntaskólans í Reykjavík tafarlaust viðunandi húsnæði mjög nærri skólabyggingunni.

### **Greinargerð.**

Menntaskólinn í Reykjavík er elzti skóli landsins, og var aldarafmæli hans nýverið haldið hátíðlegt með veizluhöldum, fánaskreytingum og blysförum. Þó má segja, að tvo skugga hafi borið á þessa afmælisgleði. Fyrsti rektor skólans, einhver mesti velgerðarmaður þjóðlegrar menningar, Sveinbjörn Egilsson, var af nemendum sínum flæmdur frá skólanum, af því að hann undi illa drykkjuskap í skólanum. En núverandi rektor, Pálmi Hannesson, hefur aftur á móti nú í haust verið flæmdur með heimili sitt úr skólanum og úr bænum. Er honum búin vetrarvist með fólki sínu austur í Ölfusi. Er sagt, að hann fari á milli skóla og heimilis í bil sínum kvölds og morgna til að gegna skyldum sínum, en þegar snjór fellur á Hellisheiði, hljóta að líða svo margir dagar, að rektor verði hríðtepptur í Árnassýslu og skólinn þá án stjórnar. Nemendur munu vera á fimmta hundraðinu.

Ástæðan til þessa fáheyrða ástands er sú, að menntamálaráðherra hefur opnað skólann svo mjög fyrir nýjum nemendum, samkvæmt löggjöf um það efni, sem samþykkt var á Alþingi í vetur sem leið, að ekki var annars kostur en að taka íbúð þá, sem skólameistari hefur haft frá dögum Sveinbjörns Egilssonar, fyrir kennsluherbergi. Eru þessar aðfarir líkar því, ef samgöngumálaráðherrann léti skipstjórana á Esju og Súðinni dveljast í Grímsey, til þess að hægt væri að taka enn fleiri farþega í íbúð þeirra. Yrði skipið þá án stjórnar, en yfirfullt af fargestum.

Óhugsandi er, að menntamálaráðherra hafi gripið til þessarar óvenjulegu framkomu af því að hann hafi óskað eftir að heita harðræði við rektor menntaskólans, því að það er kunnugt, að Pálmi Hannesson hefur, þegar líf ráðherrans var í veði nú nýverið, í sambandi við útslit tiltekins þingmáls, gengið fram fyrir skjöldu og veitt ráðherranum þann ýtrasta pólitíska stuðning, sem hann mátti veita. Mun þess vegna ekki til að dreifa persónulegum kuldatilfinningum frá hálfu menntamálaráðherra, heldur hitt, að hann hefur búið til lög, sem ekki er hægt að framkvæma. Má telja það táknrænt fyrir gildi hinnar nýju skólaskipunar, að menntamálastjórnin varð hennar vegna að bera yfirmann elzta og kunnasta skóla í landinu út úr sínu starfshúsi og vísa honum á að telja sig til heimilis í annarri sýslu. Tillaga þessi er borin fram í því skyni, að Alþingi krefjist þess, að tafarlaust verði ráðið fram úr þessu máli á sómasamlegan hátt.